

Ari Skúlason, framboð til stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna 2018.



Ég hef umfangsmikla reynslu af félags- og vinnumarkaðsmálum og mikla þekkingu á íslensku atvinnulífi, bæði fjármálamarkaði og öðrum greinum. Þá hef ég tekið virkan þátt í félagsstarfi bankamanna síðustu ár, setið í stjórn Félags starfsmanna Landsbankans og er formaður þar nú. Þá hef ég verið anna varaformanna Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja frá árinu 2016. Mér finnst mikilvægt að stjórnarmenn lífeyrissjóða hafi mikla þekkingu á íslensku atvinnulífi og hafi líka sterk tengsl inn í vinnumarkað bankamanna þar sem lífeyrissjóðurinn tengist vinnumarkaði mikið. Ég hef hvort tveggja til að bera.

Þá hef ég einnig mikla þekkingu og reynslu af fjármálamarkaði eftir að hafa stýrt rekstrarfélagi verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í 3 ár.

Persónulegar upplýsingar

62 ára, fæddur á Hellissandi og bý í Reykjavík.

Menntun

Stúdentspróf frá MH desember 1974.

Viðskiptapróf (Þjóðhagfræði) frá HÍ vorið 1979.

Framhaldsnám í þjóðhagfræði við Háskólann í Árósum í Danmörku, lokið vorið 1983 með kandidats-/meistaraprófi.

Löggildur verðbréfamíðlari, 2010.

Hæfismat sem framkvæmdastjóri rekstrarfélags verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, 2010.

Nám í húsasmíði í Fjölbautarskólanum í Breiðholti 2013-2018.

Starfsferill

Vann með námi í HÍ og á sumrin hjá Sjávarafurðadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga 1976-1980.

Var forstöðumaður hjá Kjararannsóknarnefnd frá október 1983-1986.

Hagfræðingur hjá Félagsmálastofnun Árósborgar 1987.

1988 – 2001. Alþýðusamband Íslands. Forstöðumaður hagdeildar 1988-1994.

Framkvæmdastjóri ASÍ frá 1994 til 2001.

Framkvæmdastjóri Aflvaka hf. (Atvinnuþróunarfélag í eigu Reykjavíkurborgar) 2001-2004.

2005-2008. Landsbanki Íslands. Forstöðumaður á Fyrirtækjasviði.

2008-2009. Landsbankinn, Fyrirtækjasvið og Viðskiptabankasvið.

2009-2012. Framkvæmdastjóri Landsvaka/Landsbréfa.

2012-2018. Hagfræðideild Landsbankans.

Félagsstörf fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja

Í stjórn FSLÍ frá 2013.

Formaður FSLÍ frá 2017.

2. varaformaður SSF frá 2016.